

Bæjarstjórn - 1955

FUNDARBOÐ

**1955. fundur bæjarstjórnar Hafnarfjarðar
verður haldinn í fundarsal bæjarstjórnar Hafnarborg, miðvikudaginn 21.
maí 2025 og hefst kl. 14:00**

Dagskrá:

Almenn erindi

1. 2505138 - Óseyrarbraut 6, samkomulag

4. liður úr fundargerð bæjarráðs frá 15. maí sl.
Lagt fram. Haraldur Sverrisson mætir til fundarins.

Bæjarráð samþykkir fyrirbyggjandi kaupsamning og vísar málinu til bæjarstjórnar til staðfestingar.

2. 2504633 - Hryggjarás 23, umsókn um lóð

8. liður úr fundargerð bæjarráðs frá 15. maí sl.
Lögð fram umsókn All Verk ehf. um lóðina nr. 23 við Hryggjarás

Bæjarráð samþykkir að úthluta lóð nr. 23 við Hryggjarás til All Verk ehf. Vísað í bæjarstjórn til staðfestingar.

3. 2504600 - Virkisás 24, umsókn um lóð

9. liður úr fundargerð bæjarráðs frá 15. maí sl.
Lögð fram umsókn Lilju Bragadóttur um lóðina nr. 24 við Virkisás.

Bæjarráð samþykkir að úthluta lóð nr. 24 við Virkisás til Lilju Bragadóttur. Vísað í bæjarstjórn til staðfestingar.

4. 2401142 - Reglur um frístundastyrk fyrir íbúa 67 ára og eldri

5. liður úr fundargerð fjölskylduráðs frá 13. maí sl.
Lagt fram til afgreiðslu.

Lagt fram til afgreiðslu.

Fjölskylduráð samþykkir reglur um frístundastyrk fyrir íbúa 67 ára og eldri og vísar þeim til afgreiðslu í bæjarstjórn.

Meirihluti Framsóknar og Sjálfstæðisflokks koma að eftirfarandi bókun:

Meirihluti Framsóknar og Sjálfstæðisflokks fagnar samþykkt fjölskylduráðs á tillögu meirihlutans að endurbættum reglum um frístundastyrk fyrir íbúa 67 ára og eldri.

Með breytingunum er stigið mikilvægt skref í átt að einfaldari og aðgengilegri þjónustu fyrir eldri borgara í Hafnarfirði. Það er í takt við þá skýru stefnu bæjarins að efla lífsgæði eldri íbúa og styðja við virkni þeirra, vellíðan og þátttöku í samfélaginu. Með því að hætta tekjutengingu við tekjur hjóna og miða í staðinn við tekjur einstaklings, er stuðningurinn sanngjarnari og aðgengilegri. Þá er einnig einföldun umsóknarferlisins mikilvæg þar sem aðgengi að styrknum verður mun greiðari fyrir notendur.

Fulltrúar Samfylkingarinnar leggja fram eftirfarandi bókun:

Fulltrúar Samfylkingarinnar styðja þessa uppfærslu á tekjuviðmiðum vegna frístundastyrks fyrir 67 ára og eldri enda snýr hún að því að samræma tekjuviðmiðin að reglum bæjarins um niðurfellingu á fasteignaskatti og er í samræmi við umsagnir öldungaráðs um málið. Á síðasta ári lagði Samfylkingin fram tillögur þess efnis bæði í fjölskylduráði og bæjarstjórn og því var það ánægjulegt að sá málflutningu hafi loks borið árangur.

5. 2412008 - Baughamar 13, (hús 9-11), breyting á deiliskipulagi

2. liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 15. maí sl.

Á afgreiðslufundi skipulagsfulltrúa þann 26.02.2025 var samþykkt að grenndarkynna með vísan til 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga umsókn Jóhanns Einars Jónssonar f.h. Lóðarhafa um breytingu á deiliskipulagi. Breytingin felur í sér meðal annars: fjölgun íbúða um 10 á lóðinni, nýja aðkomu bílastæðahúss, hækkun á efsta hæðarkóta, breytingar á staðsetningu húsa og djúpgáma, fjölgun bílastæða.

Erindið var grenndarkynnt frá 04.03.2025 til 01.04.2025. Athugasemdir bárust. Lögð fram samantekt athugasemda og svör.

Skipulags- og byggingarráð tekur undir svör skipulagsdeildar og leggur til við bæjarstjórn að samþykkja framlagða tillögu að breytingu á deiliskipulagi Baughamars 13.

6. 2502908 - Landsnet, kerfisáætlun 2025-2034

Fulltrúar Samfylkingarinnar óska eftir umræðu um málið.

7. 2505128 - Elliðavatnsvegur, Flóttamannaleið (410-02)

Fulltrúar Samfylkingarinnar óska eftir umræðu um málið.

Fundargerðir

8. 2501140 - Fundargerðir 2025, til kynningar í bæjarstjórn

Fundargerð bæjarráðs frá 15. maí sl.

a. Fundargerð menningar- og ferðamálanefndar frá 7. maí sl.

b. Fundargerðir stjórnar SSH frá 23. apríl og 5. maí sl.

Fundargerð fjölskylduráðs frá 13. maí sl.
Fundargerð umhverfis- og framkvæmdaráðs frá 14.maí sl.
a. Fundargerðir stjórnar SORPU bs. frá 2. og 23. apríl sl.
b. Fundargerðir stjórnar Strætó bs. frá 28.febr., 14. mars og 11. apríl sl.
Fundargerð fræðsluráðs frá 14.maí sl.
a. Fundargerð íþróttá- og tómstundanevndar 6.maí sl.
Fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 15. maí sl.
Fundargerð forsetanevndar frá 19.maí sl.

19.05.2025

Valdimar Víðisson bæjarstjóri